# Súðavíkurhreppur

**18. fundur fræðslu- tómstundar - menningar og kynningarnefndar, kjörtímabilið 2022-2026**

**haldinn í Álftaveri – Grundarstræti 1, miðvikudaginn 29. apríl 2026, kl. 17:00**

Miðvikudaginn 29. apríl kl. 17:00 var haldinn fundur í fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps 2022-2026.
Boðaðir voru aðalmenn nefndarinnar auk skólastjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson, Elísabet Bríet Óladóttir, Stella Guðmundsdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar.
Fundargerð ritaði Aníta Björk Pálínudóttir.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Skólahald í Súðavík í 135 ár
2. Auglýsingar um störf í skólanum
3. Umsóknir
4. Staðan í skólamálum
5. Tónlistardagur - Ágúst á ferðinni
6. Önnur mál

**Afgreiðsla erinda:**

1. ***Skólahald í Súðavík í 135 ár***
   Skólahald í Súðavík hefur verið í 135 ár. Nefndin leggur til að haldið verði upp á það með kaffi, köku og uppákomu (tónlistaratriði eða annað). Lagt er til að það verði gert eftir skólaslitin, 29. maí.

2. ***Auglýsingar um störf í skólanum***
   Búið er að auglýsa störf í skólanum hjá Morgnublaðinu, DV, Bændablaðinu, job.is, bb.is og heimasíðu skólans.
   Einnig verður sett auglýsing inn á Alfreð og athugað hvort hægt sé að setja inn auglýsingu í Skólavörðuna.

3. ***Umsóknir***
   Nefndin leggur til að skoðuð verði húsnæðismál fyrir verðandi skólastjóra og kennara.

4. ***Staðan í skólamálum***
   Næsta árið er áætlað að verði 16 nemendur í grunnskóla í 1. - 7. bekk. Í leikskólanum er áætlað að verði 14 börn.

   *Anna Lind fór af fundinum kl. 18:05*

5. ***Tónlistardagur - Ágúst á ferðinni***
   Skoða samstarf við Ísafjarðarbæ.

6. ***Önnur mál***
   *Leikjanámskeið í sumar*
   Nefndin leggur til að haldið verði skipulagt leikjanámskeið fyrir grunnskólabörn í sumar.

   *Fornminjar í Vatnsfirði*
   Nefndin óskar eftir því að unnið verði að því að bjarga fornleifunum.

Fundi slitið kl. 18:25.